

Fimmtudaginn 10. nóvember 1994.

Nr. 245/1992.

Tollstjórinn í Reykjavík

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

protabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf.

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Gjaldprotaskipti. Skuldaröð. Greiðslustöðvun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1992. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá lund, að krafa hans vegna söluskattsskuldar stefnda fyrir október- og nóvembermánuð 1988, að fjárhæð 6.800.000 krónur, verði viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sem búskröfu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Í máli þessu er ágreiningur um það, hvar í skuldaröð skuli skipa söluskattskröfu áfrýjanda, sem myndaðist á greiðslustöðvunartíma Kjötmiðstöðvarinnar hf. frá 29. september til 10. nóvember 1988, en þann dag var fyrirtækið úrskurðað gjaldþrota. Áfrýjandi krefst þess, að kröfunni verði skipað í skuldaröð sem búskröfu samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974, en þar er kveðið á um það, að „kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búskráns gera fyrir þess hönd“ teljist til búskrafna. Deila aðilar um það, hvort miða skuli upphaf skipta í þessu sambandi við frestingardag,

sbr. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem var 26. september 1988, eða við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar 10. nóvember 1988.

Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð, þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldunauts um þau eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu úrskurðar.

Í 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem leystu af hólmi lög nr. 25/1929, sagði, að um skuldaröð við gjaldþrotaskipti giltu ákvæði 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974, sbr. einnig nú lög nr. 23/1979. Með gjaldþrotalögum nr. 6/1978 var heimilað nýtt réttarfarsúrræði, greiðslustöðvun, sem hafði að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti, ef þau fylgdu í kjölfarið. Jafnframt var lögleitt nýtt hugtak, frestdagur, sbr. 1. gr. laganna, sem notað var um tímamark, sem oft skipti máli, einkum samkvæmt 8. kafla laganna um riftun ráðstafana þrotamanns og riftun réttargerða. Í at-hugasemdum við frumvarp til laga nr. 6/1978 var tekið fram, að ekki hefði þótt ástæða til að gera tillögur um breytingar á reglum um skuldaröð, sem settar voru með framangreindum lögum nr. 32/1974, og jafnframt tekið fram, að engar efnisreglur um skuldaröð væru í frumvarpinu.

Miðað við gildandi lög á þeim tíma, sem hér um ræðir, er ekki heimild til annars en miða upphaf skipta í merkingu 3. tl. 82. gr. laga nr. 3/1878 við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um annað en málskostnað, sem dæmist svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði stefnda, þrotabúi Kjötmiðstöðvarinnar hf., 400.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara

Ég er samþykkuð niðurstöðu annarra dómenda um efni málsins. Þegar ákveðið var við greiðslustöðvun Kjötmiðstöðvarinnar hf.

að halda áfram rekstri fyrirtækisins á grundvelli II. kafla laga nr. 6/1978, var það óaðskiljanlegur þáttur þeirrar ákvörðunar, að efnt yrði til skuldbindinga vegna söluskatts af þeim viðskiptum, er reksturinn tók til, svo sem heimilt var samkvæmt lögum um þann skatt. Í þeirri heimild fólust í reynd nokkur forrættindi fyrir félagið og kröfuhafa þess, þar sem greiðslustöðvunin breytti ekki reglum um skil á skattinum. Varð ekki unnt að heimta hann dag frá degi, heldur átti greiðsla að bíða gjalddaga í næsta mánuði eftir að hann féll til, og mátti fyrirtækið halda andvirði hans á meðan. Um fyrrgreinda ákvörðun verður ekki annað séð en hún hafi verið löglega tekin og beinst að því einu að halda rekstrinum í horfi í samræmi við tilgang greiðslustöðvunarinnar, svo að kröfuhöfum yrði hagsbót af fremur en hitt. Með tilliti til alls þessa var rökrétt að búast við, að krafa um skattinn nyti réttar til greiðslu af því fé, sem í fyrirtækinu reyndist vera við upphaf gjaldþrotaskipta, ef til þeirra kæmi, áður en skil yrðu gerð við eldri kröfuhafa. Lög nr. 6/1978 voru þó þannig úr garði gerð, að engin bein ákvæði voru þar sett til að sporna við því, að verðmæti að baki kröfu sem þessari hyrfu í hít eldri skulda í þrotabúi fyrirtækisins, og þá fyrst til kröfuhafa, er forgang ættu umfram aðra. Í máli þessu er það til álita, hvort unnt sé eftir tiltækum og heimilum lögskýringarreglum að skýra samhengi laga nr. 6/1978 við eldri ákvæði 8. kafla skiptalaga um niðurröðun skulda á þann veg, að krafan hafi átt að njóta verndar við þessu samkvæmt efni hinna síðarnefndu, en niðurstaðan er önnur. Eðlilegt var, að tollstjórinn í Reykjavík léti á það reyna, eins og á stóð gagnvart hinu stefnda þrotabúi, hvort þessi niðurstaða væri einhlít. Er rétt af þeim sökum, að kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Úrskurður skiptaréttar Garðabæjar 13. mars 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 18. febrúar 1992.

Endanlegar réttarkröfur sóknaraðila, tollstjórans í Reykjavík, eru, að söluskattsskuld varnaraðila, að fjárhæð 6.800.000 kr., verði viðurkennd sem búskrafa, sbr. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Jafnframt gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað úr hendi varnar-

aðila og að málskostnaðarkrafan verði einnig talin njóta stöðu búskrófu í þrotabúið. Þá gerir varnaraðili kröfu um, að úrskurðaður málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá fimmtánda degi frá uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags og að áfallnir dráttarvextir á málskostnað leggjst við höfuðstól hans á tólf mánaða fresti.

Varnaraðili, þrotabú Kjötmíðstöðvarinnar hf., gerir þá réttarkröfu, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin ásamt virðisaukaskatti dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá fimmtánda degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Sáttaumleitarnir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með úrskurði skiptaréttar Garðakaupstaðar, upp kveðnum 10. nóvember 1988, var bú Kjötmíðstöðvarinnar hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Var Hlökkver Kjartansson hdl. ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á skiptafundi 15. mars 1989 var hann kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Innköllun til skuldeheimtumanna var gefin út, og birtist hún fyrri sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 2. desember 1988. Frestir til að lýsa kröfum í búinu lauk því 2. febrúar 1989.

Áður en úrskurður um gjaldþrotaskipti var upp kveðinn, hafði Kjötmíðstöðin hf. fengið heimild til greiðslustöðvunar í allt að sex vikur með úrskurði, upp kveðnum 29. september 1988. Beiðni þar að lútandi barst embættinu 26. september það ár, og telst sá dagur frestdagur við gjaldþrotaskiptin, sbr. a-lið 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Aðstoðarmaður félagsins á greiðslustöðvunartíma var Gísli Gíslason hdl. Á greiðslustöðvunartíma allt fram til uppkvaðningar gjaldþrotauúrskurðar var rekstri félagsins fram haldið. Ekki var skilað inn söluskattsskýrslum vegna október- og hluta nóvembermánaðar ársins 1988. Vegna þessa var 9. desember 1988 áætlaður söluskattur á varnaraðila af skattstjóranum í Reykjavík fyrir nefnt tímabil samkvæmt heimild í 6. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1982. Fjárhæð áætlunar þessarar nam 6.800.000 krónum. Af hálfu þrotabúsins hefur áætlun þessi ekki verið kærð, sbr. 13. gr. greindra laga.

Hinn 31. janúar 1989 barst embættinu kröfulýsing sóknaraðila í þrotabú Kjötmíðstöðvarinnar hf. Var kröfu vegna áætlaðs söluskatts fyrir áðurgreint tímabil lýst sem búskrófu. Með bréfum Hlökkvers Kjartanssonar bústjóra og síðar skiptastjóra, dagsettum 6. mars 1989 og 26. júlí 1991, var þeirri stöðu skuldarinnar í skuldaröð hafnað. Af hálfu búsins er réttmæti kröfunnar

ekki vefengt, og er hún viðurkennd í búið sem almenn krafa. Fjárhæð kröfunnar er ágreiningslaus með aðilum. Vegna ágreinings um stöðu kröfunnar í skuldaröð var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál, og er það mál hér til úrlausnar. Málið var þingfest 29. október 1991. Dregist hefur úr hömlu að reka mál þetta, án þess að sá dráttur hafi á nokkurn hátt verið réttlættur. Ber að átelja drátt þennan.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að krafa hans um, að sölu-skattsskuld varnaraðila njóti stöðu búskrófu í skuldaröð, styðjist við 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 gildi 8. kapítuli skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 32/1974 og lög nr. 23/1979, um skuldaröðina við gjaldþrotaskipti. Telur sóknaraðili, að við gjaldþrotaskipti beri að skýra 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 þannig, að „upphaf skipta“ teljist frestdagur, sbr. 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, en ekki úrskurðardagur um töku bús til gjaldþrotaskipta. Í munnlegum málflutningi kom fram af hálfu sóknaraðila, að þegar aðstæður væru með þeim hætti, að skuldari hefði haft heimild til greiðslustöðvunar og síðan fylgdu gjaldþrotaskipti í kjölfarið, bæri að líta svo á, að þrotabúið yrði ábyrgt fyrir þeim skuldum, sem til hefði verið stofnað eftir frestdag.

Sóknaraðili telur, að við lögskýringu á 8. kapítula skiptalaga nr. 3/1878 beri að líta til tengsla yngri laga og eldri. Samkvæmt eldri gjaldþrotalögum nr. 25/1929 hafi gjaldþrotaskipti verið talin byrjuð, þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldunauts um skipti eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu gjaldþrotáúrskurðar. Með gjaldþrotalögum nr. 6/1978 hafi skuldara, er átti í verulegum fjárhagsörðugleikum, verið heimilað nýtt réttarfarsúrreði, greiðslustöðvun, sem hafi, þegar gjaldþrotaskipti fylgi í kjölfarið, að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti. Jafnframt hafi verið lögleitt nýtt hugtak, frestdagur, sem sé hið fyrsta tímamark, er ógjaldfærni skuldara liggja fyrir skrásett hjá opinberum aðila. Samkvæmt 1. tl. 1. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978 geti frestdagur m. a. verið sá dagur, er skiptaráðanda berst ósk skuldara um greiðslustöðvun. Hafi ýmsar af þeim réttarverkunum, sem tengdust gjaldþrotaskiptum, verið færðar fram og látnar tengjast frestdegi gjaldþrotaskipta. Verði að hafa hliðsjón af þessum breytingum á gjaldþrotalögum við skýringu á lagareglum um skuldaröð við gjaldþrotaskipti. Eðlilegra sé því að telja „upphaf skipta“ í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 frestdag, sé skuldara heimiluð greiðslustöðvun og bú hans síðan tekið til gjaldþrotaskipta. Fram kemur af hálfu sóknaraðila, að rök leiði til þess, að upphaf gjaldþrotaskipta teljist frestdagur, en ekki úrskurðardagur gjaldþrots, þar sem skuldari geti varnað innheimtu

kröfuhafa með því að óska heimildar til greiðslustöðvunar. Að öðrum kosti sé skuldara frekar unnt að misnota heimild til greiðslustöðvunar og skjóta undan eignum. Séu atvik með þeim hætti í máli þessu, þar sem Kjötmiðstöðinni hf. hafi borið að gera ríkissjóði skil á söluskatti af söluskattsskyldri veltu.

Sóknaraðili vísar til þess, að markmið greiðslustöðvunar sé einkum að koma nýskipan á fjármál skuldara. Sé skuldara óheimilt á greiðslustöðvunartíma að greiða gjaldfallnar skuldir, sbr. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Samanburðarskýring við 1. mgr. 59. gr. sömu laga leiði þó til þess, að nokkrar undantekningar séu frá þessari reglu. Fá skuldagreiðsla staðist, ef hún er nauðsynleg fyrir skuldara til að komast hjá tjóni. Þetta eigi einkum við, ef kröfuhafi eigi sterk vanefndaúrræði, eins og t. d. stöðvun atvinnurekstrar vegna greiðsludráttar, sbr. 8. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1982. Verði því að telja, að Kjötmiðstöðinni hf. hafi skilyrðislaust borið að standa skil á þeim söluskatti, er til féll á þeim tíma, er félagið hafði heimild til greiðslustöðvunar. Við munnlegan málflutning hélt sóknaraðili því fram, að Kjötmiðstöðinni hf. hefði verið óheimilt að stofna til verulegrar söluskattsskuldar. Verði að telja slíkar kröfur njóta ríkari lögverndar og réttþærri stöðu í skuldaröð við gjaldþrotaskipti.

Auk framangreinds telur sóknaraðili, að allur andi og fjölmargar greinar gjaldþrotalaga nr. 6/1978 leiði til þess, að telja beri „upphaf skipta“ í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 frest dag, en ekki úrskurðardag gjaldþrotaskipta. Megi þessu til stuðnings benda á, að í gjaldþrotalögum virðist ekki notað hugtakið „upphaf skipta“, heldur „uppsaga gjaldþrotáúrskurðar“.

Máli sínu til enn frekari stuðnings vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar, upp kveðins 22. janúar 1988, í málinu nr. 167/1987. Samkvæmt þeim dómi hafi því verið hafnað að miða fresti 1. tl. og 6. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878 við úrskurðardag gjaldþrotaskipta, en þess í stað hafi þeir verið miðaðir við frest dag. Verði dómur þessi ekki skilinn á annan hátt en að frest dagur gjaldþrotaskipta teljist upphaf skipta.

IV.

Af hálfu varnaraðila er fallist á, að Kjötmiðstöðinni hf. hafi verið skylt að greiða söluskatt, hvort sem félagið hafði heimild til greiðslustöðvunar eða ekki, enda sé krafan samþykkt sem almenn krafa í búið. Félagið hafi haft stöðu innheimtuaðila gagnvart sóknaraðila, og því hafi borið að gera skil á innheimtufénu. Vanefnd í þeim efnum kunní að leiða til refsíábyrgðar for-

ráðamanna félagsins, sbr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en allt að einu njóti fjárfrafa sóknaraðila ekki forgangs við búskiptin.

Varnaraðili kveður ekki vafa leika á, að skuldara sé óheimilt á greiðslustöðvunartíma að stofna til verulegra fjárskuldbindinga, sbr. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Af þessu banni megi hins vegar ekki draga þá ályktun, að sé banninu ekki hlýtt, skapist kröfuhafa fortakslaust víðtækari lögvernd með rétt hærrí kröfu, komi til gjaldþrotaskipta á búi skuldara. Telur varnaraðili, að til þess skorti lagaheimild. Við munnlegan flutning málsins taldi varnaraðili, að enn síður væri ástæða til að telja sóknaraðila njóta slíkrar lögverndar, þar sem honum væru tryggð virkari úrræði en kröfuhöfum almennt til að fá skuld sína greidda. Hefði honum verið unnt að stöðva rekstur Kjötmiðstöðvarinnar hf., sbr. 8. mgr. 12. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960.

Varnaraðili telur, að afleiðingar þess, að brotið sé gegn banni við stofnun verulegra fjárskuldbindinga á greiðslustöðvunartíma eða skuldari á annan hátt misnoti heimild til greiðslustöðvunar, geti verið, að heimildin verði afturkölluð, ráðstöfun verði rift, skuldari og aðstoðarmaður vinni sér til refsingar, og loks, að aðstoðarmaður verði bótaskyldur. Engin rök leiði til þess, að krafa eins og söluskattur geti við þessar aðstæður orðið búskrafa, sbr. 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Fram kemur hjá varnaraðila, að fortakslaust sé, að búskrafa geti ekki stofnast, fyrr en bústjórn hafi tekið við stjórn þrotabús, en til þess að svo geti orðið, sé óhjákvæmileg nauðsyn, að gjaldþrotauðrskurður hafi verið upp kveðinn. Frá þeim tíma fari skiptaráðandi eða bústjóri með málefni þrotabúsins, en meðan greiðslustöðvun vari, fari skuldari sjálfur með forræði sinna mála. Hann hafi hins vegar aðstoðarmann, opinberan sýslunarmann, sem eigi að stuðla að því, að tilgangur með greiðslustöðvun náist og heimild hennar sé ekki misnotuð. Búskröfur geti þær kröfur einar talist, sem til er stofnað vegna nauðsynlegra ráðstafana til framgangs búskiptunum með löglegum samningum, er umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd. Telur varnaraðili kröfu sóknaraðila ekki þess eðlis, jafnframt því sem hún hafi ekki það einkenni búskrafna, að þrotamaður beri ekki persónulega ábyrgð á kröfunni. Geti opinber gjöld fyrst fengið viðurkenningu sem búskrafa, falli þau á atvinnurekstur, eftir að bú hefur tekið við stjórn hans.

Í munnlegum málflutningi hélt varnaraðili því fram, að ekki léki vafi á, hvað telja ætti „upphaf skipta“ í skilningi 8. kaþítula skiptalaga nr. 3/1878. Sá kaflí laganna sé að stofni til frá árinu 1974, er honum var breytt með lögum nr. 32/1974. Með gjaldþrotalögum nr. 6/1978 hafi réttarfarsúrræðið greiðslustöðvun og hugtakið frestdagur verið lögleitt. Þau lög hafi í engu

breytt ákvæðum skiptalaga, enda hafi það ekki verið tilgangur þeirra nýmæla, er gildandi gjaldþrotalög höfðu í för með sér. Séu því ekki efni til að miða upphaf gjaldþrotaskipta við annað tímamark en uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar.

Varðandi hæstaréttardóm frá 22. janúar 1988, er sóknaraðili vísar til, telur varnaraðili dóminn ekki hafa fordæmisgildi í máli þessu. Séu atvik þess máls með öðrum hætti, og varði hann ekki 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878, er sóknaraðili byggir málatilbúnað sinn á, heldur forgangsrétt launakröfu samkvæmt 1. og 6. tl. 84. gr. sömu laga.

V.

Í máli þessu er ágreiningur með málsaðilum um stöðu söluskattsskuldur varnaraðila í skuldaröð. Sóknaraðili styður mál sitt því, að krafan njóti stöðu búskröfu samkvæmt 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af hálfu varnaraðila er þessu mótmælt, en krafan viðurkennd sem almenn krafa í búið.

Samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 gildir 8. kapítuli skiptalaga nr. 3/1878 með síðari breytingum um skuldaröðina við gjaldþrotaskipti. Sá kapítuli laganna tekur mið af aðstæðum við skipti dánarbúa, þar sem erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum hins látna. Sóknaraðili telur, að upphaf gjaldþrotaskipta í skilningi greindra laga miðist við frestdag, þegar greiðslustöðvun er undanfari skipta, en varnaraðili byggir á því, að upphaf skipta markist af uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti.

Í tíð eldri gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð, þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldara um þau eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu úrskurðar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Við athugun á því, við hvað upphaf gjaldþrotaskipta miðist í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878, þykir ástæða til sérstakrar athugunar og samanburðar á réttaráhrifum gjaldþrotaskipta og heimildar skuldara til greiðslustöðvunar. Með úrskurði skiptaráðanda um, að bú þrotamanns sé tekið til gjaldþrotaskipta, missir hann rétt til að ráðstafa eignum sínum þannig, að það hafi þýðingu fyrir búið, sbr. 22. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Skal eignum þrotamanns varið til að greiða þeim, sem kröfu eiga á þrotamann, þegar úrskurður um töku búshans til gjaldþrotaskipta er upp kveðinn, og þeim, sem síðar eignast kröfur á búið með lögmatum hætti, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna. Úrskurð um gjaldþrotaskipti skal auglýsa opinberlega, nánar tiltekið í Lögbirtingablaði, sbr. 3. mgr. 19. gr. sömu laga. Frá og með úrskurði um gjaldþrotaskipti fer bústjórn með málefni þrotabúsins, sbr.

einkum XIII. kafla laganna, undir eftirliti skiptaráðanda, sbr. 105. gr. um-ræddra laga. Á meðan bú er í skiptum, geta kröfuhafar á skiptafundum haft umtalsverð áhrif á meðferð þrotabús, sbr. XIV. kafla laganna, og teljast fundir þessir einn þáttur í stjórn þrotabúa.

Þrátt fyrir það að skuldara sé óheimilt að greiða skuldir og stofna til skuldbindinga á greiðslustöðvunartíma, hefur hann forræði yfir bú sínu og getur skuldbundið sig með löggerningum, þó undir eftirliti aðstoðarmanns. Úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar er ekki birtur opinberlega, en senda skal endurrit úrskurðarins þekktum kröfuhöfum, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Forræði skuldara á eigin bú, meðan greiðslustöðvun varir, undir eftirliti aðstoðarmanns verður ekki á nokkurn hátt jafnað til bústjórnar þrotabús. Á meðan þrotamaður hefur misst ráðstöfunarheimildir sínar, heldur skuldari þeim á greiðslustöðvunartíma, og aðstoðarmaður skuldara hefur ekki að lögum sjálfstætt umboð til ráðstafana eða beinnar íhlutunar í málefni skuldara. Sé ekki unnið í samræmi við tilgang greiðslustöðvunar, er honum það úrræði eitt tækt að tilkynna skiptaráðanda, sem kann að fella niður heimild til greiðslustöðvunar, sbr. 11. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum er ekki þegar af þeirri ástæðu heimilt að kveða upp úrskurð um gjaldþrotaskipti, og ekki er sjálfgefið, að skilyrði gjaldþrotaskipta séu fyrir hendi, áður en heimild til greiðslustöðvunar er veitt, meðan á henni stendur eða að henni lokinni. Á meðan greiðslustöðvun varir, er ekki gert ráð fyrir formlegum afskiptum kröfuhafa af málefnum skuldara, og þeir geta ekki haft bein áhrif á einstakar ráðstafanir hans. Þegar framangreint er virt, liggur fyrir, að réttaráhrif greiðslustöðvunar, fylgi gjaldþrotaskipti í kjölfarið, eru í meginatriðum frábrugðin réttaráhrifum gjaldþrotaskipta, ef frá er talið, að í báðum tilvikum eru heimildir einstakra kröfuhafa til að ganga að eignum skuldara ekki fyrir hendi.

Með gjaldþrotaskiptalögum nr. 6/1978 var lögleitt nýtt hugtak, frestdagur, sbr. 1. gr. laganna. Hugtaki þessu er ætlað að afmarka fresti ýmissa réttarverkana við gjaldþrotaskipti, einkum varðandi riftanleika ráðstafana þrotamanns, sbr. VIII. kafla laganna. Ekki verður talið, að hugtakinu hafi verið ætluð viðtækari réttaráhrif. Verður slíkt ekki ráðið af greinargerð með frumvarpi að gildandi gjaldþrotalögum eða af öðrum lögskýringargögnum.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki á það fallist með sóknaraðila, að upphaf skipta í skilningi 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878 teljist frestdagur, þegar greiðslustöðvun er undanfari gjaldþrotaskipta. Verður að telja upphaf skipta í skilningi ákvæðisins miðast við uppkvaðningu gjaldþrotaráskurðar og að fyrr verði bú ekki með lögmatum hætti talið bundið af skuldbindingum fyrir sjálfs sín hönd.

Ekki fær það breytt framangreindri niðurstöðu, þótt 25. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 mæli fyrir um, að til skipta skuli taka eignir þrotamanns á frestdegi svo og það, sem hann eignist, meðan á skiptum stendur. Verður ekki af ákvæði þessu dregin sú ályktun, að upphaf skipta miðist við frestdag, enda fær það ekki samrýmst 22. gr. laganna, þar sem mælt er fyrir um, að ekki fyrr en við uppsögu gjaldþrotáúrskurðar missi þrotamaður rétt til að ráðstafa eignum sínum, eins og áður er rakið. Ákvæði þetta breyttist í meðförum Alþingis, en í frumvarpi til gjaldþrotalaga var í stað frestdags mælt fyrir um, að taka skyldi til skipta eignir þrotamanns við upphaf skipta. Af þessu þykir mega ráða, að ekki hafi verið ætlunin að miða upphaf skipta við fyrra tímamark en gjaldþrotáúrskurð, þar sem breyting þessi hefði að öðrum kosti verið með öllu óþörf.

Af hálfu sóknaraðila er réttilega bent á, að skuldari geti varnað innheimtu krafna með því að óska greiðslustöðvunar. Ekki þykir það hafa sjálfstæða þýðingu í þessu sambandi, enda er tilgangur með því að heimila skuldara greiðslustöðvun, að hann freisti þess að koma nýrri skipan á fjármál sín. Að það takist, er í samræmi við hagsmuni kröfuhafa, en sé ekki unnið að því markmiði, getur skiptaráðandi fellt niður heimild skuldara til greiðslustöðvunar.

Með tilliti til málatilbúnaðar sóknaraðila þykir ástæða til að taka til álita, hvort söluskattsskuld varnaraðila verði talin njóta sérstakrar stöðu í skuldaröð á öðrum grundvelli en 3. tl. 82. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Sóknaraðili telur, að Kjötmiðstöðinni hf. hafi verið óheimilt að stofna til verulegra fjárskuldbindinga á greiðslustöðvunartíma, sbr. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og að hann njóti af þeim sökum ríkari lögverndar en almennir kröfuhafar. Skuldaröð við búskipti er frávik frá meginreglunni um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrotaskipti, og ber samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum að ráða álitaefnum til lykta til samræmis við þá meginreglu. Að gildandi lögum er kröfum, sem stofnað er til á greiðslustöðvunartíma, ekki tryggður sérstakur forgangur við búskipti, og verður að telja, að ekki geti verið um slíkt að ræða án beinnar lagaheimildar.

Hæfilegt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 400.000 kr. í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Benedikt Bogason, fulltrúi skiptaráðandans í Garðabæ, kveður upp úrskurð þennan, en hann fékk máli þessu úthlutað síðastliðið haust.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, tollstjórans í Reykjavík, að söluskattsskuld varnaraðila, þrotabús Kjötmiðstöðvarinnar hf., verði viðurkennd sem búskrafa, er hafnað, og telst krafan almenn krafa í þrotabúið.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 400.000 kr. í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin að frátöldum virðisaukaskatti dráttarvexti samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. mars 1992 til greiðsludags.
